

ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Vatnsleysustrandarhrepps nr. 139/1988, sbr. samþykktir nr. 333/1988 og 412/1991.

*Félagsmálaráðuneytinu, 4. júlí 2001.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Guðjón Bragason.*

## AUGLÝSING

### um sérstakt svæðisskipulag fyrir ljósleiðara frá Vatnsfelli til Akureyrar.

Samkvæmt 5. mgr. 15. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 19. júlí 2001 staðfest sérstakt svæðisskipulag fyrir ljósleiðara frá Vatnsfelli til Akureyrar.

Svæðisskipulagið gerir ráð fyrir ljósleiðara frá Vatnsfellsvirkjun til Akureyrar til gagnaflytninga milli Reykjavíkur og Akureyrar en strengur hefur þegar verið lagður frá Reykjavík til Vatnsfells. Ljósleiðarinn fer um fimm sveitarfélög; Ásahrepp, Bárðdælahrepp, Hálshrepp, Eyjafjarðarsveit og Akureyrarbæ.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

*Umhverfissráðuneytinu, 19. júlí 2001.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Hersir Gíslason.*

## SAMÞYKKT

### um breytingu á lögreglusamþykkt Eyrarsveitar nr. 120 2. mars 1994.

1. gr.

59. gr. orðist svo:

Allir almennir veitinga- og samkomustaðir skulu vera lokaðir frá kl. 01.00 til kl. 06.00 að morgni; þó er heimilt að hafa opið til kl. 04.00 aðfaranótt laugardags, sunnudags eða almenns frídags. Heimilt er að selja ferðamönnum greiða á hvaða tíma sem er.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

**Endurprentað blað.**

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Eyrarsveitar, hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36/1998, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. júlí 2001.*

F. h. r.

**Ólafur W. Stefánsson.**

*Jón Þór Ólason.*

## REGLUGERÐ

### um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Reykjaness í Sandgerði.

#### 1. gr.

Starfrækt skal Náttúrustofa Reykjaness í Sandgerði. Sandgerðisbær, Grindavíkurbær og önnur sveitarfélög í Reykjaneskjördæmi sem kunna að gerast aðilar að stofunni, eiga og reka stofuna með stuðningi ríkissjóðs.

Ríkissjóður greiðir laun forstöðumanns í fullu starfi. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar vegna húsnæðis- eða leigukostnaðar, eigi það við, innréttinga og bóka- og tækjakaupa getur numið allt að helmingi kostnaðar og fer eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggja fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Ríkissjóður er eigandi þess framlags sem hann leggur til stofnkostnaðar.

#### 2. gr.

Auk framlags skv. 1. gr. hefur stofan tekjur af útseldri vinnu og annarri gjaldhæfri þjónustu. Renna þær óskiptar til stofunnar og hafa ekki áhrif á framlög ríkissjóðs og heimaaðila skv. 1. gr.

#### 3. gr.

Þær eignir sem til stofnkostnaðar teljast skulu aðeins nýttar í þágu stofunnar nema fyrir liggja samþykki ráðuneytisins um annað.

#### 4. gr.

Hlutverk Náttúrustofu Reykjaness í Sandgerði er:

- a) að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Reykjaneskjördæmis,
- b) að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúruvísindum og skal einkum lögð áhersla á Reykjanesskagann og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum,
- c) að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum í Reykjaneskjördæmi,
- d) að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- e) að veita sveitarfélögum í Reykjaneskjördæmi umbeðna aðstoð og ráðgjöf á